



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (ESB) 1907/2006 (REACH)

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1 Vörukenni **Vanellus Multi-Fleet 10W-40**

1.2 Tilgreind notkun Smurólía

1.3 Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.

Katrínartúni 2

105 Reykjavík

Sími: 515 1000

Netfang: olis@olis.is

Veffang: www.olis.is

1.4 Neyðarsímanúmer

Neyðarlínan: 112

Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

Þessi blanda er ekki flokkuð sem hættuleg samkvæmt tilskipun 1999/45/EB með síðari breytingum.

Aðrar hættur Veldur minnkun náttúrulegrar húðfitu. Notuð smurólía getur innihaldið hættuleg efni sem geta valdið húðkrabbameini. Sjá eiturefnafræðilegar upplýsingar í 11. lið.

Sjá liði 11 og 12 fyrir nánari upplýsingar um áhrif á heilsu og einkenni og áhrif á umhverfi.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

Mikið hreinsuð grunnolía (IP 346 DMSO-útdráttur < 3%).

Afkastaaukandi íblöndunarefni.

Heiti	Vörukenni	%	Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP]	Teg
Grunnolía - ótilgreind	Mismunandi	75-<90	Óflokkað	[2]
Smurólíur (úr jarðolíu), C20-50, vetnismeðhöndlaðar, úr hlutlausri olíu	REACH#: 01-2119474889-13 EB#: 276-738-4 CAS#: 72623-87-1 Skrár#: 649-483-00-5	1-<5	Eit. v. ásvelg. 1, H304	[1] [2]
Sinkalkýldíþíófosfat	REACH#: 01-2119493626-26 EB#: 283-392-8 CAS#: 84605-29-8	1-<2,5	Húðert. 2, H315 Augnskaði 1, H318 Vatnalíf langvinn 2, H411	[1]

Heiti	Vörukenni	%	Tilskipun nr. 67/548/EBE	Teg.
Grunnolía - ótilgreind	Mismunandi	75-<90	Óflokkað	[2]
Smurólíur (úr jarðolíu), C20-50, vetnismeðhöndlaðar, úr hlutlausri olíu	REACH#: 01-2119474889-13 EB#: 276-738-4 CAS#: 72623-87-1 Skrár#: 649-483-00-5	1-<5	Óflokkað	[1] [2]
Sinkalkýldíþíófosfat	REACH#: 01-2119493626-26 EB#: 283-392-8 CAS#: 84605-29-8	1-<2,5	Xi; H41, H38 N; H51/53	[1]

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið

[1] Efni flokkað sem hættulegt heilsu eða umhverfi

[2] Váhrifamörk í starfi hafa verið gefin út fyrir efnið

[3] PBT-efni

[4] vPvB-efni

Váhrifamörk í starfi eru skráð í 8. lið, ef tiltæk.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLP

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Snerting við augu	Ef snerting verður, skolið augu strax með miklu vatni í a.m.k. 15 mínútur. Togið augnlok frá augum og skolið allt augað. Fjarlægið snertilinsur. Leitið læknis ef ertingar verður vart.
Snerting við húð	Skolið húðina með með sápu og vatni eða notið viðurkenndan húðhreinis. Farið úr fötum og skóm sem óhreinast af efninu. Þvoið föt vel áður en farið er í þau aftur. Þvoið skó vel áður en farið er í þá aftur. Leitið læknis ef ertingar verður vart.
Innöndun	Eftir innöndun, færið viðkomandi í ferskt loft.
Inntaka	Leitið læknis ef ertingar verður vart. Ekki framkalla uppköst nema að ráði heilbrigðisstarfsfólks. Leitið læknis ef einkenna verður vart.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Sjá 11. lið fyrir frekari upplýsingar um einkenni og áhrif á heilbrigði.

4.3. Merki um þörf á bráðri læknisþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Upplýsingar til lækna Meðferð skyldi beinast að einkennum og því að draga úr verkun.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi	Froða, duft, koltvísýringur eða úði.
Óviðeigandi	Notið ekki háþrýstivatnsdælu.

5.2. Sérstök hættu af efninu eða blöndunni

Hætta	Við bruna eða upphitun hækkar þrýstingur og ílát geta sprungið.
Skaðleg niðurbrotsefni	Möguleg myndefni við bruna: Koltvísýringur, kolsýringur, brennisteinsoxíð, fosfóroxíð, málmoxíð.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Ráðgjöf	Gerið ekkert sem felur í sér persónulega áhættu án viðeigandi þjálfunar. Rýmið svæðið ef eldur kemur upp.
Hlíðarbúnaður	Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki með grímu, stillt á yfirþrýsting. Fatnaður slökkviliðsmanna (þ.m.t. hjálmur, hlífðarstígvél og hanskar) í samræmi við Evrópustaðalinn EN 469 veitir grunnvörn gegn efnunum.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNIR FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Ráðstafanir	Engar hættulegar aðgerðir skal framkvæma án viðeigandi þjálfunar. Rýmið nærliggjandi svæði. Hindrið aðgang óviðkomandi og óvarins starfsfólks. Snertið hvorki né gangið í gegnum efnaleka. Notið viðeigandi hlífðarbúnað (sjá 8. lið).
--------------------	--

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir	Varist dreifingu efnaleka og að lekinn berist í jarðveg, vatnsfarvegi, holræsi og fráveitur. Gerið viðeigandi yfirvöldum viðvart ef varan veldur umhverfismengun (fráveitur, vatnsfarvegir, jarðvegur eða loft).
--------------------	--

6.3. Aðferðir við hreinsun

Meiriháttar leiki	Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Fjarlægið ílát af lekasvæðinu. Komið í veg fyrir að efnið berist í fráveitur, vatnslagnir, kjallara eða lukt rými. Haldið leka í skefjum og safnið honum með eldtraustum, ídrægum efnunum, t.d. sandi, mold, vermikulíti eða kísilgúr og setjið í ílát til förgunar samkvæmt gildandi reglum (sjá 13. lið). Komið til viðurkennds förgunaraðila.
Minniháttar leki	Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Fjarlægið ílát af lekasvæðinu. Notið hvarftregt efni til söfnunar og setjið í viðeigandi ílát til förgunar. Komið til viðurkennds förgunaraðila.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Sjá 1. lið fyrir upplýsingar um neyðarsímanúmer.
Sjá 5. lið fyrir upplýsingar um ráðstafanir vegna slökkvíaðgerða.
Sjá 8. lið fyrir upplýsingar um viðeigandi persónuhlífar.
Sjá 12. lið fyrir upplýsingar um varúðarráðstafanir vegna umhverfis.
Sjá 13. lið fyrir frekari upplýsingar um aðferðir við förgun.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir fyrir örugga meðhöndlun

Hlífur Notið viðeigandi persónuhlífur.
Hreinlæti Ekki borða, drekka eða reykja þar sem efnið er meðhöndlað, geymt eða unnið. Þvoið ykkur vandlega eftir meðhöndlun. Farið úr fötum og hlífðarbúnaði sem hafa mengast af efninu áður en farið er inn í rými þar sem matast er. Sjá einnig 8. lið fyrir frekari upplýsingar um hreinlæti.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmanleika

Geymsla Geymið og notið aðeins í búnaði/ílátum sem eru sérstaklega hönnuð fyrir efnið. Haldið fjarri hita og beinu sólarljósi. Hafið ílát tryggilega lokað og innsigliuð þar til efnið er notað. Ílát sem hafa verið opnuð skulu innigliuð að nýju og látin standa lóðrétt til að koma í veg fyrir leka. Geymið ekki í ómerktum ílátum. Geymið í samræmi við gildandi reglur. Geymið á þurrum, svölum og vel loftræstum stað, fjarri ósamrýmanlegum efnum.

Óviðeigandi Langvarandi geymsla eða meðhöndlun við hátt hitastig.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Váhrifamörk í starfi

Heiti	Váhrifamörk
Grunnlúa-ótilgreind	Nationale MAC-lijst (Holland) TGG: 5 mg/m ³ 8 klst. Form: Jarðolíuúði.
Smurolíur (úr jarðolíu), C20-50, vetnismeðhöndlaðar, úr hlutlausri olíu	MinSZW Wettelijke Grenswaarden (Holland) OEL, tímavegið meðaltal: 5 mg/m ³ 8 klst. Endurskoðun: 1/2007 Form: Úði.

Athugasemdir ACGIH-gildin fylgja með til upplýsingar og leiðbeiningar. Fyrir nánari upplýsingar, hafið samband við söluaðila. Þó að gefin séu upp váhrifamörk fyrir tiltekin efni í þessum lið, geta önnur efni myndast í úða, gufu eða ryki. Mögulega eiga tilgreind váhrifamörk því ekki við um við vöruna í heild og ætti því að einungis að nota til leiðbeiningar.

Vöktun

Ef varan inniheldur efni með tilgreind váhrifamörk gæti þurft að vakta þéttni þess svo gera megi ráðstafanir m.t.t. loftræstingar og/eða öndunarhlífa. Athugið viðeigandi eftirlitsstaðla: Evrópustaðall EN 689 (Loftgæði á vinnustað – Leiðbeiningar um mat á váhrifum við innöndun á efnum m.t.t. viðmiðunarmark og mæliaðferða) Evrópustaðall EN 14042 (Loftgæði á vinnustað – Leiðbeiningar um beitingu og notkun ferla við mat á váhrifum af völdum efna og líffræðilegra áhrifavalda) Evrópustaðall EN 482 (Loftgæði á vinnustað - Almennar kröfur um framkvæmd aðgerða við mælingar á efnum) Athugið einnig landsbundnar leiðbeiningar um aðferðir við mat á hættulegum efnum.

DNEL/DMEL/PNEC

Gildi liggja ekki fyrir

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir

Komið fyrir útsogskerfi eða öðrum búnaði til að halda loftþéttni undir váhrifamörkum í starfi. Hafið augnskolunarbúnað og öryggissturtur nálægt vinnustöð. Öll efni skal meta m.t.t. áhrifa á heilsu og koma skal upp viðeigandi búnaði til að koma í veg fyrir váhrif eða takmarka þau nægilega. Til er stigskipting takmörkunarráðstafana (þ.e. uppræting, skipting, loftræsting, afmörkun, vinnukerfi, breyting á ferlum eða aðgerðum) sem verður að gæta að áður en hlífðarbúnaður er notaður. Hlífðarbúnaður skal vera í samræmi við viðeigandi staðla, henta vel til notkunar og réttilega við haldið. Ráðfærið ykkur við söluaðila hlífðarbúnaðarins varðandi val og viðeigandi staðla. Fyrir frekari upplýsingar, hafið samband við Staðlaráð Íslands. Val á hlífðarbúnaði byggist á áhættumati. Mikilvægt er að tryggja að einstakir hlutar hlífðarbúnaðarins eigi saman.

Hreinlætisráðstafanir

Þvoið vel hendur, framhandleggi og andlit eftir notkun íðefna áður en borðað er, reykt og farið á salerni og við lok vinnustunda. Tryggið að augnskolunarbúnaður og öryggissturtur séu nálægt vinnustöð.

Öndunarhlífar	Öndunarhlífa er venjulega ekki þörf þar sem náttúrulegt eða stýrt útsog takmarkar váhrif nægilega. Ef loftræsting er ekki næg, notið viðeigandi öndunarhlífar. Val á öndunarhlífum skal ráðast af efninu sem unnið er með, vinnuskilyrðum, notkun og ástandi öndunarhlífa. Móta skal öryggisreglur fyrir hverja tiltekna notkun. Veljið öndunarhlífar í samráði við birgi/framleiðanda sem byggir á heildarmati á vinnuaðstæðum.
Til hlífðar höndum	Notið hlífðarhanska ef líkur eru á langvinnri eða endurtekinni snertingu. Notið efnaþolna hanska. Mælt er með nítrílhönskum. Val á hlífðarhönskum skal ráðast af efninu sem unnið er með, vinnuskilyrðum notkun og ástandi hanskana (jafnvel mjög efnaþolnir hanskar eyðast með tímanum við endurtekna snertingu við efni. Flestar gerðir hanska veita aðeins vörn í skamman tíma áður en þeim þarf að fleygja. Skiptið reglulega um hanska. Vegna þess hve vinnuskilyrði og meðhöndlun geta verið breytileg skal móta öryggisreglur fyrir hverja tilgreinda notkun. Veljið hanska í samráði við birgi/framleiðanda sem byggir á heildarmati á vinnuaðstæðum.
Til hlífðar augum/andl. Húð og líkami	Öryggisglæraugu með hliðarvörn. Notkun hlífðarfatnaðar er góð vinnuregla. Veljið hlífðarfatnað m.t.t. verks og hættunnar sem í því felst. Veljið hlífðarfatnað sem viðurkenndur er af sérfræðingi. Bómullar- eða pólýester/bómullarsamfestingar veita einungis vörn gegn minniháttar yfirborðsmengun sem gegnbleytir ekki. Samfestinga skal þvo reglulega. Þegar mikil hætta er á snertingu við húð (s.s. við hreinsun leka eða þar sem hætta er á slettum) skal nota efnaþolnar svuntur og/eða efnaþolinn klæðnað og stígvél.
Umhverfi	Losun í gegnum loftræstingu eða vinnuvélar skal athuguð til að tryggja að þær samræmist umhverfisverndarlöggjöf. Í sumum tilvikum gæti þurft að koma fyrir hreinsibúnaði, síum eða gera tæknilegar breytingar á búnaði til að draga úr losun og ná henni undir ásættanleg mörk.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Almennar upplýsingar

Útlit	
Eðlisástand	Vökvi
Litur	Rafgulur
Lykt	Engar upplýsingar.
Lyktarþröskuldur	Engar upplýsingar.
pH-gildi	Engar upplýsingar.
Bræðslumark	Engar upplýsingar.
Suðumark/svið	Engar upplýsingar.
Rennslismark	-42°C
Blossamark	Lokað ílát: 230°C (446°F) [Pensky-Martens.]
Uppgufunarhraði	Engar upplýsingar.
Eldfimi (fast, lofttegund)	Engar upplýsingar.
Efri/neðri íkveikju- eða sprengimörk	Engar upplýsingar.
Gufuprýstingur	Engar upplýsingar.
Eðlisþyngd gufu	Engar upplýsingar.
Eðlismassi	0,872
Leysni	Óleysanlegt í vatni.
Deilistuðull:	
n-oktanól/vatn	Engar upplýsingar.
Sjálfsíkveikjuhitastig	Engar upplýsingar.
Niðurbrotshitastig	Engar upplýsingar.
Seigja	Skriðseigja: 91,2 mm ² /s (91,2 cSt) við 40°C Skriðseigja: 14,5 mm ² /s (14,5 cSt) við 100°C
Sprengieiginleikar	Engar upplýsingar.
Oxunareiginleikar	Engar upplýsingar.

9.2. Aðrar upplýsingar

Engar frekari upplýsingar.

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Engin prófunargögn liggja fyrir um vöruna. Sjá liði 10.4. og 10.5. fyrir frekari upplýsingar.

10.2. Efnaræðilegur stöðugleiki

Efnið er stöðugt.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Engin hætta á skaðlegri fjölliðun eða skaðlegum efnahvörfum við venjuleg notkunar- og geymsluskilyrði.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varist alla mögulega íkveikjugufa (neista og eld).

10.5. Ósamrýmanleg efni

Hvarfast við eða er ósamrýmanlegt eftirtöldum efnum: Oxunarefni.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Við venjuleg notkunar- og geymsluskilyrði ættu skaðleg niðurbrotsefni ekki að myndast.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Eiturefnafræðileg áhrif

Helstu íkomuleiðir Húð, innöndun.

Bráð áhrif á heilbrigði

- **Innöndun** Ekki eru líkur á að innöndun gufu valdi vandkvæðum vegna lágs gufuprýstings.
- **Inntaka** Engin veruleg áhrif þekkt.
- **Snerting við húð** Meðal einkenna váhrifa: Erting, þurrkur, sprungin húð.
- **Snerting við augu** Engin gögn.

Bráð og tafin áhrif og einnig langvinn áhrif eftir skammtíma og langtíma snertingu.

- **Innöndun** Innöndun úða í miklu magni getur valdið ertingu í öndunarfærum.
- **Inntaka** Inntaka mikils magns getur valdið ógleði og niðurgangi.
- **Snerting við húð** Langvinn eða endurtekin snerting getur valdið minnkun húðfitu og leitt til ertingar og/eða húðbólgu.
- **Snerting við augu** Hætta á stingandi sársauka eða roða ef efnið berst í augu.

Möguleg langvinn áhrif á heilbrigði

Almennt Langvinn eða endurtekin snerting getur valdið minnkun húðfitu, sprungum í húð og/eða húðbólgu.
NOTUÐ SMUROLÍA
Myndefni við bruna í sprengihreyfli mengar smurolíu. Notuð smurolía getur innihaldið skaðleg efni sem geta valdið húðkrabbameini. Varast skal reglulega eða langvinna snertingu við allar tegundir og gerðir smurolíu og mikilvægt að gæta fyllsta hreinlætis.

Krabbameinsv. áhrif Engin veruleg áhrif eða hætta þekkt.

Stökkbreytandi hrif Engin veruleg áhrif eða hætta þekkt.

Áhrif á þroskun Engin veruleg áhrif eða hætta þekkt.

Áhrif á frjósemi Engin veruleg áhrif eða hætta þekkt.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Umhverfishættur Ekki flokkað sem hættulegt. Byggt á gögnum um efnið eða svipuð efni.

12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Talið auðlífbrjótanlegt.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Efnið er ekki líklegt til að safnast upp í lífverum í gegnum fæðukeðju.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Leki sem berst í jarðveg getur valdið mengun grunnvatns.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB-eiginleikum

12.6. Önnur váhrif

Vistfræðilegar uppl. Lekar geta myndað brák á vatnsyfirborði og skaðað vatnalífriki. Einnig getur leki hindrað eðlileg súrefnisskipti.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Aðferðir

Varist eða lágmarkið myndun úrgangs eins og hægt er. Skolið ekki efnaleifum í magni niður í holræsi heldur komið til förgunar í skólphreinsistöð. Komið afgangsefnum og óendurvinnanlegum efnum til viðurkennds förgunaraðila. Fargið efninu, lausnum og öðrum efnum sem til falla skal í samræmi við gildandi lög og reglur um umhverfisvernd og förgun.

Hættulegur úrgangur

Evrópska úrgangsskráin

Já.

13 02 05* óklóruð véla-, gír- og smurólía úr jarðolíu. Ef efnið er notað á annan hátt en til er ætlast eða er í návígi við önnur efni sem það getur mengast af getur þurft að farga því samkvæmt öðrum úrgangskóða af endanlegum notanda.

Umbúðir

Komið til förgunar hjá sérhæfðum förgunaraðila í samræmi við gildandi lög og reglur. Endurvinnið ef mögulegt. Efninu og umbúðum þess skal fargað á öruggan hátt. Tómar umbúðir geta geymt efnaleifar. Eldhætta er af tómun umbúðum þar sem þær geta innihaldið eldfimar efnaleifar og gufur. Ekki sjóða, logsjóða eða lóða tómar umbúðir. Varist dreifingu efnaleka og að það berist í jarðveg, vatnsfarvegi, holræsi eða fráveitur.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Ekki flokkað sem hættulegt við flutning (ADR/RID, ADNR, IMDG, ICAO/IATA)

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis Reglugerð (ESB) nr. 1907/2006 (REACH)

Viðauki XIV – Skrá yfir leyfis skyld efni

Ekkert innihaldsefnanna er á skrá yfir leyfis skyld efni.

Viðauki XVII - Takmarkanir að því er varðar framleiðslu, setningu á markað og notkun tiltekinna hættulegra efna, blandna og hluta

Á ekki við.

15.2. Efnaöryggismat

Varan inniheldur efni sem á eftir að framkvæma mat á m.t.t. efnaöryggis.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hættusetningar

Vatnalíf langvinn 2, H411: Hættulegt fyrir vatnsumhverfi – langvinn eiturhrif, undirflokkur 2

Eit. v. ásvelg 1, H304: Ásvelgingarhætta, undirflokkur 1

Húðerting 2, H315: Húðæting/húðerting, undirflokkur 2

Augnskaði 1, H318: Alvarlegur augnskaði/augnerting, undirflokkur 1

H41; Hætta á alvarlegum augnskaða.

H38; Ertir húð.

H51/53; Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

Xi; Ertandi

N; Hættulegt fyrir umhverfið

Skammstafanir

ADN: Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum.
Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum.

ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum
Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum.

Svartur listi: I. listi tilskipunar 76/464/EBE inniheldur efni sem tilheyra fjölskyldum og flokkum efna, valin aðallega vegna eiturhrifa þeirra, þrávirkni og uppsöfnunar í lífverum, að undanskildum þeim sem eru ekki skaðleg lífríki eða hægt er að umbreyta fljótt í efni sem eru ekki skaðleg.

CO: Kolsýringur

DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif.

EmS (neyðaráætlun): Fyrri kóðinn vísar til viðeigandi brunaáætlunar og seinni kóðinn vísar til viðeigandi áætlunar vegna efnaleka.

IARC (Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnunin)

IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning.

NVCI: Eitrunarmiðstöð

PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð.

PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg.

REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni.

vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Þýðing: Reynir Hjálmarsson